



Leikskóli Fjallabyggðar

Gjaldskrá 2026

Gildir frá 1. janúar 2026

Vistunargjöld*		Máltíðir	
- 4 klst.	Kr. 16.891	- Hádegisverður	Kr./mán. 5.733
- 4,5 klst.	Kr. 19.002	- Morgunverður	Kr./mán. 2.800
- 5 klst.	Kr. 21.113	- Síðdegisverður	Kr./mán. 2.800
- 5,5 klst.	Kr. 23.225		
- 6 klst.	Kr. 25.336	Annað	
- 6,5 klst.	Kr. 27.447	- Vistunartími ekki virtur	Kr. pr. skipti 2.000
- 7 klst.	Kr. 29.559		
- 7,5 klst.	Kr. 31.670		
- 8 klst.	Kr. 33.781		
- 8,5 klst.	Kr. 35.893		

Eftirfarandi afslættir eru veittir af leikskólagjöldum. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi:

- Systkinaafsláttur er veittur vegna barna á forræði forráðamanns/manna sem hér segir, að því tilskildu að þau eigi sameiginlegt lögheimili í Fjallabyggð:
 - 50% afsláttur vegna 2. barns
 - 75%afsláttur vegna 3. barns
 - 100% afsláttur vegna 4. barns og þar umfram.Systkinaafsláttur leikskóla og lengdrar viðveru í grunnskóla eru tengdir saman. Yngsta barn greiðir alltaf fullt gjald og afsláttur er mestur á elsta barni.
- Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns.
- Foreldrar með metna 75% örorku fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns. Framvísa þarf útgefnum örorkuskírteinum frá Tryggingarstofnun ríkisins.

Lækkun á gjaldi kemur til framkvæmda 1. dag næsta mánaðar eftir framvísun vottorðs eða viðeigandi gagna. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afslættir eru aldrei veittir aftur í tímann. Sjá nánar í reglum um umsóknir og innritun í Leikskóla Fjallabyggðar.

Leikskólagjöld og fæðisgjald skulu felld niður ef börn eru fjarverandi í 1 mánuð eða lengur vegna veikinda barns, að því tilskildu að veikindavottorð liggi fyrir. Að sama skapi er heimilt, að höfðu samráði við félagsþjónustu Fjallabyggðar, að fella niður leikskólagjöld ef félagslegar aðstæður valda langvinnum fjarvistum.

*Útfærsla skv. einingarverði vistunargjalds, kr. 4.391 pr./klst.

Samþykkt í Bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 27. nóvember 2025.